



Námskeið - Grunnstiklur

Stiklur 1, 2 og 3 - Grunnnámskeið um mikilvæga þætti í fræðslu fullorðinna

haldnar sem eitt samfelld námskeið dagana 16.-17. janúar að Ofanleiti 2 5. hæð A-álmú

- 16. janúar kl. 10-17
- 17. janúar kl. 8-16

Undirbúningur og eftirfylgni fer fram í gegnum samskiptavef fyrir og eftir námskeiðið.

Ætlað fræðslustarfsmönnum í fullorðinsfræðslu, kennurum, leiðbeinendum, þjálfurum og öðrum starfsmönnum sem koma að framkvæmd, skipulagi og þjónustu við námsmenn.

Umsjónarmenn námskeiðs: Sigrún Jóhannesdóttir og Guðmunda Kristinsdóttir

Annað:

- Meðfylgjandi eru nánari lýsingar á báðum þessum námskeiðum.
- Ekkert gjald er greitt fyrir námskeiðin.
- Skráning er hafin hjá Steinunni Þ. Júlíusdóttur í síma 599 1400 eða steinunn@frae.is
- Vinsamlegast skráið þátttakendur sem fyrst en í síðasta lagi **3. janúar**.



Námskeið - Grunnstiklur

Stiklur 1 – Fræðslustarfsmaðurinn og kröfurnar í nútíma samfélagi

Kennslufræðinámskeið fyrir fræðslustarfsmenn í fullorðinsfræðslu

Námsmarkmið (learning outcome)

Þekking og færni: þátttakendur skilgreina og ræða:

- ▣ helstu færnikröfur nýrra tíma og hvernig þær hafa áhrif á undirbúning og framkvæmd nútíma fullorðins- og starfsfræðslu
- ▣ leiðir til að tengja nám og starf – kröfur til leiðbeinenda

Viðhorf: þátttakendur gera grein fyrir almennum viðhorfum um:

- ▣ hlutverk leiðbeinenda
- ▣ nauðsyn og gildi símenntunar
- ▣ gæði í fræðslustarfi

Innihald

1. Undirbúningskynning á námsefni í gegnum samskiptavefinn Wiggio (sent út áður en námskeið byrjar)

2. Kynning þátttakenda – sjálfsefning

3. Almenn starfsfærni og aðstæður á 21. öldinni

- Skilgreining á nauðsynlegri færni í nútímalífi, þar á meðal á 8 lykilhæfnipáttum Evrópuráðsins, sem er forsenda umræðna um hvaða náms- og kennsluáferðir henta í samfélagi nútímans.
- EQF- viðmiðarammi Evrópusambandsins og 8 skilgreindir lykilmærniþættir nútíma samfélags eru settir í samhengi við hlutverk kennara í fullorðins- og starfsfræðslu. Hvernig er hægt að þjálfa áfram þessa undirstöðufærni í almennu fræðslustarfi og á starfsfræðslunámskeiðum?
- EQF ramminn og áhrif hans á kennslu og fræðslustarf. Hvert þarf hlutverk og frumkvæði kennara og fræðsluáðila að vera?
- Fyrirlestur með glærum, hópvinna og umræður.

4. Dæmi um kennsluáferðir sem þjálfa ýmsa undirstöðufærni

Lausnaleikir sem þjálfa almenna færniþætti.

5. Breyttar forsendur varðandi hlutverk leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu.

Hlutverk kennara og leiðbeinenda í breyttum heimi! Hvaða kröfur eru gerðar til kennara, hvernig geta þeir unnið að eigin færniþróun í takt við kröfur nýrra tíma?

Dæmisögur og úrvinnsla í hópi. Kliðfundur, umræður.



Námskeið - Grunnstiklur

Stiklur 2 - Fullorðnir nemendur og forsendur þeirra

Kennslufræðinámskeið fyrir fræðslustarfsmenn í fullorðinsfræðslu

Námsmarkmið (Learning outcome)

Þekking og færni: þátttakendur skilgreina og setja í samhengi:

- ▣ helstu einkenni og forsendur fullorðinna nemenda
- ▣ kennsluskipulag sem miðast við þarfir fullorðinna
- ▣ aðferðir sem koma til móts við mismunandi námsnálgun fullorðinna

Viðhorf: þátttakendur rökræða hugmyndir um:

- ▣ tillit til einstaklingsmunar og lykilhæfnipátta
- ▣ gæði í fræðslustarfi

Innihald

Forsendur og hindranir í námi fullorðinna nemenda

Helstu hugmyndir um þarfir og forsendur fullorðinna til náms, mismunandi námsnálgun og leiðir til að virkja einstaklinga.

Fyrirlestur með glærum og dæmum, greiningardæmi og umræður.

Kennsluáðferðir, vinnuáðferðir, námsáðferðir

Hvað er kennsla? Hvert er hlutverk leiðbeinenda og nemenda í fullorðinsfræðslu? Hvaða áðferðir eru vænlegar til árangurs og koma til móts við þarfir fullorðinna nemenda?

Nokkrar mismunandi kennsluáðferðir athugaðar og flokkaðar.

Greiningardæmi, umræður, verkefni.



Námskeið - Grunnstiklur

Stiklur 3 – Undirbúningur, skipulag og hönnun náms fyrir fullorðna

Kennslufræðinámskeið fyrir fræðslustarfsmenn í fullorðinsfræðslu

Námsmarkmið (learning outcome)

Þekking: þátttakendur skilgreina og setja í samhengi:

- ▣ helstu undirstöðuatriði almennra kennslufræða varðandi undirbúning, framkvæmd og mat á þekkingu og færni
- ▣ ýmis lykilatriði sem varða gæði við skipulag og undirbúning

Færni: þátttakendur taka þátt í að:

- ▣ skilgreina fræðslutilgang og orða mælanleg kennslumarkmið valinna verkefna
- ▣ skipuleggja og undirbúa árangursríkt fræðsluferli eftir hönnunarmódeli
- ▣ útbúa kennsluáætlun sem miðast við þarfir fullorðinna og leiðarljós í fræðslu

Viðhorf: þátttakendur rökræða hugmyndir um:

- ▣ mikilvægi þess að námið byggist á tengingu, flæði, samhengi, stigmögnun
- ▣ mikilvægi þess að fræðslan sé hönnuð af fagmennsku og með leiðarljós sem auka á gæði hennar

Innihald

Inngangur og kynning

Undirbúningur og skipulag fræðslu – frá þarfagreiningu til mats

Yfirsýn um hönnun fræðsluferlis. Ferlinu er skipt upp í 6 verkþætti sem mikilvægt er að séu unnir skipulega og með nauðsynlegri gagnvirkni. Tengsl náms og starfsfærni skoðuð og rætt um leiðir til að yfirfæra nám á starf með árangursríkum hætti. Þátttakendur taka fyrir verkefni sem tengjast þeirra störfum og vinna upp drög að skipulagi samkvæmt hönnunarferlinu. Gæði í fræðslustarfi – hlutverk leiðbeinenda/kennara við að þróa og bæta fræðslu.

Fyrirlestrar, sýnidæmi, æfingar.

Verkefni af eigin borði unnið í hópvinnu þar sem þátttakendur hjálpast að við að endurskoða aðferðir sínar út frá megináherslum í Stiklum 1, 2 og 3

Mat og slit!